



Þjónustu- og þekkingarmiðstöð  
fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga

# Endurgreiðslur vegna gleraugna

Hamrahlíð 17 | 105 Reykjavík | Sími 545 5800 | Fax 568 8475  
midstod@midstod.is | midstod.is

## Endurgreiðslur vegna gleraugna

**Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga sér um endurgreiðslur ríkisins vegna gleraugnakaupa.**

**Öll börn eiga rétt á gleraugnaendurgreiðslum að 18 ára aldri:**

- Börn 0-3 ára eiga rétt á endurgreiðslum tvisvar á ári
- Börn 4-8 ára eiga rétt á endurgreiðslum árlega
- Börn 9-17 ára eiga rétt á endurgreiðslum annað hvert ár

**Fullorðnir eiga frá 18 ára aldri rétt á endurgreiðslum vegna eftirfarandi:**

- Eru augnsteinalausir (aphaki)
- Þurfa á prismagleraugum að halda vegna tvísýni
- Eru hánærsýnir (myopia gravis)  $\geq 12,00$
- Eru háfjarsýnir (microphthalmia)  $\geq 10,00$
- Eru með lausa augnsteina (luxatio lentis)
- Þurfa að breyta um gleraugnastyrk umtalsvert, að mati sérgreinalæknis í augnlækningum, vegna augnsjúkdóma eða skurðaðgerða, svo sem keiluglæru (keratoconus), eftir hornhimnuígræðslu eða nethimnulossaðgerð

Upplýsingar um upphæðir er að finna á heimasíðu Miðstöðvarinnar á [www.midstod.is](http://www.midstod.is) og í síma 545 5800.

Til að sækja um endurgreiðslu vegna gleraugna þarf að fylla út umsóknareyðublað sem liggur frammi hjá augnlæknum og í gleraugnaverslunum. Einnig er hægt að nálgast eyðublaðið á heimasíðu Miðstöðvarinnar á [www.midstod.is](http://www.midstod.is). Jafnframt er hægt að hringja á Miðstöðina og óska eftir eyðublaðinu í pósti. Eyðublaðið er fyllt út og undirritað af augnlækni og viðkomandi einstaklingi eða forráðamanni.

Umsóknareyðublaðinu þarf að fylgja vottorð frá augnlækni og kvittun úr gleraugnaverslun og þurfa gler og umgjærðir að vera aðskildar á kvittun.

Umsóknareyðublaði og kvittun er skilað til Miðstöðvarinnar í Hamrahlíð 17, 105 Reykjavík. Umslög með nafni og heimilisfangi Miðstöðvarinnar liggja frammi hjá augnlæknum og gleraugnaverslunum og má setja ófrímerkt í póst.

Allar frekari upplýsingar fást hjá Miðstöðinni í síma 545 5800 eða á heimasíðu Miðstöðvarinnar á [www.midstod.is](http://www.midstod.is). Einnig er hægt að senda inn fyrirspurnir á [midstod@midstod.is](mailto:midstod@midstod.is)